

REGLUR

Frímerkja- og póstsögusjóðs.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Frímerkja- og póstsögusjóður, og er í vörslu Íslandspósts hf. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla og styrkja störf og rannsóknir á sviði póstsögu og frímerkjafræða og hverskonar kynningar- og fræðslustarfsemi til örvunar á frímerkjasöfnun, svo sem með bóka- og blaðaútgáfu. Eins skal sjóðurinn styrkja sýningar og minjasöfn, sem tengjast frímerkjum og póstsögu.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er höfuðstóll hans, að fjárhæð kr. 4.611.600 miðað við 1. janúar 2000.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru sem hér segir:

- a) 3,5 hundruðustu hlutar af sölu frímerkja til safnara hjá Íslandspósti hf.
 - b) Yfirverð á örkum sem gefnar eru út í tengslum við stórar frímerkjasýningar.
 - c) Gjafir og framlög.
 - d) Vextir og stofnfé og annað fé sem sjóðnum áskotnast.
 - e) Tekjur sjóðsins verði aldrei minni en kr. 3.000.000 á ári vegna liðar a).
- Lágmarkstekjur samkvæmt lið e) eru óháðar tekjum samkvæmt lið b).

5. gr.

Samgönguráðherra skipar fimm menn í stjórn sjóðsins og þrjú til vara til fjögurra ára í senn. Skulu tveir tilnefndir af Íslandspósti hf. ásamt einum varamanni. Landssamband íslenskra frímerkjasafnara tilnefnir tvo menn í stjórnina ásamt einum varamanni. Samgönguráðherra skipar oddamann og varamann án tilnefningar.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Endurskoðendur skulu vera tveir, aðalendurskoðandi Íslandspósts hf. eða sá, sem hann tilnefnir í sinn stað og hinn tilnefndur af Landssambandi íslenskra frímerkjasafnara til fjögurra ára í senn.

6. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir eftir þörfum. Varamenn hafa rétt til fundarsetu með tillögu-rétt og málfrelsi. Samþykktir stjórnar eru því aðeins lögmætar, að hún sé fullskipuð. Afl atkvæða ræður úrslitum. Halda skal fundargerðabók. Stjórnin er ólaunuð.

7. gr.

Stjórnin veitir styrki þegar hún telur henta annað hvort samkvæmt umsóknum eða að eigin frumkvæði. Umsóknir skulu vera skriflegar og þeim fylgja ítarleg greinargerð um í hvaða skyni sótt er um styrk. Styrki má veita félagasamtökum, einstaklingum og stofnunum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins gerir árlega reikninga yfir tekjur hans og gjöld. Reikningsárið er almanaksárið. Reikningar skulu lagðir fyrir endurskoðendur eigi síðar en 15. febrúar ár hvert. Endurskoðun skal lokið fyrir 15. mars ár hvert.

9. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður hvernig hann skuli ávaxtaður.

10. gr.

Reglur þessar taka þegar gildi og frá sama tíma falla úr gildi reglur Frímerkja- og póstsögusjóðs nr. 449 frá 29. október 1986.

Samgönguráðuneytinu, 18. maí 2001.

Sturla Böðvarsson.

Halldór S. Kristjánsson.